

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr. 15. (Leyfisgjöld).
Fyrir „52 000 000“ kemur 53 000 000
2. — 12. — XXII. (Umbúðasmiði).
Fyrir „30 000“ kemur 36 000
3. — 14. — B. LXXIII. Nýr liður:
Laun þjóðgarðsvarðar 60 050
4. — 22. — XIII. Nýr liður:
a. Að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri vegna leigu á skipum til síldarflutninga frá fjarlægum síldarmiðum.
b. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 10 millj. kr. lán til endurbóta á síldarverksmiðjum á Austurlandi, enda verði umbæturnar gerðar í samráði við ríkisstjórnina.
5. Við 22. gr. XXXVI. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöð M. Bernharðsson h/f á Ísafirði vegna byggingar nýrrar dráttarbrautar, við þeim lánskjörum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.
6. — 22 — XLI. Nýr liður:
Að verja allt að 3.5 millj. króna af andvirði eigna Fiskiðjuvers ríkisins til að fullgera og búa tækjum þann hluta Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins, sem ætlaður er fyrir tilraunir með nýjar og endurbættar vinnsluaðferðir, prófun tækja og kennslu fyrir verkstjóra og matsmenn í fiskiðnaði.
7. — 22 — XLII. Nýr liður:
Að kaupa bókasafn séra Helga Konráðssonar prófests fyrir allt að 250 þús. kr., enda náist samkomulag við aðila í Skagafirði um að greiða allt að $\frac{2}{3}$ hlutum af andvirði safnsins og um ráðstöfun þess til fræðiiðkana á þann hátt, sem ríkisstjórnin telur viðunandi.